

## Lokaverkefni

Frum samið lag og texti – upptökur og útsetning

Hafið / Ísabella Danía Heimisdóttir

## Hvers vegna varð frumsamið lag fyrir valinu?

Í lokaverkefninu mínu ákvað ég að semja lag og texta, lagið var tekið upp og útsett með hjálp leiðbeinanda míns. Að semja lag varð fyrir valinu vegna þess að það tengist mínu áhugasviði. Mér þykir mikilvægt að gera verkefni sem ég hef áhuga á, enda er verkefnavinnan á bak við lagið mjög lærdómsrík og veitir mér mikla ánægju. Tónlist hefur alltaf átt stóran þátt í mínu lífi og þess vegna langaði mig að koma minni tónlist á framfæri. Ég hef einnig samið annað lag sem fór inn á Spotify og fékk ágætar hlustanir. Maður þarf að byrja ferilinn sinn einhversstaðar, en ég stefni á að fara í tónlistarnám í framtíðinni.

## Hvernig fór ferlið fram?

Fyrsta skrefið í ferlinu var að setjast niður með Ukulele, finna fallega hljóma sem passa ~~verulega~~ vel saman, ég gerði það þangað til ég var orðinn sátt með einhvern ákveðin hljómagang. Þegar hljómagangurinn var farin að heilla mig var næsta skref að setja saman textann. Textasmíðin eru að mínu mati eitt af því áhugaverðasta við ferlið. Ég eyddi tímum saman að skrifa falleg orð sem mér leist vel á, einnig orð sem ríma. Þegar hljómagangurinn og textin voru tilbúinn setti ég það saman. Hugmyndin af laginu var síðan tekin upp á Ukulele og þá leitaði ég til Óskars Leiðbeinanda míns um að færa lagið yfir í forritið „Logic“. Við Óskar hittumst síðan í tónskólanum og fórum yfir lagið og þá komu upp ennþá fleiri hugmyndir sem við punktuðum hjá okkur til þess að hafa til hliðsjónar þegar við færum að taka upp.

Þegar við renndum yfir lagið í lokin kom í ljós að það væri betra að breyta um tóntegund á laginu, lagið var samið í C dúr og við færðum það yfir í D dúr, það hentar röddinni minni betur og lagið hljómaði mun betur í kjölfarið. Ég lærði líka mikið á þessum breytingum. Við byrjuðum að taka upp á fullum krafti þegar við vorum búin að ákveða allt og skipuþeggja upptökur. Margskonar strengjahljóðfæri voru notuð í laginu og hljómaði það vel.

Þegar ég samdi textann við lagið eyddi ég miklum tíma í að hugsa hvernig ég vildi hafa hann. Ég vildi semja lag sem krefst þess að maður hlusti á textann nokkrum sinnum til þess að átta sig á honum. Textinn gefur manni ákveðna hugmynd um söguþráð, en samt sem áður getur þýðingin verið mjög víð. Lagið hetiri *Hafið* vegna þess að það hefur víða og djúpa merkingu alveg eins og textinn.

## **Hafið**

Ölduniðið ómar í hausnum á mér  
Þegar hljóðlát horfi á eftir þér  
Mér finnst ég vera að drukkna þessu hafi í  
Sjóriðan hún kemur því enn á ný

**Ástin er oft meiri öðru meigin um borð**  
**Sem gerir það að verkum að skipið fer á hvolf**  
**Ég er þess vegna á flæðiskeri stödd á ný**  
**Þau nálgast mig þau óendanlegu ský**

Ástarljóðin flækjast nú fyrir mér  
Tómarúmið tekur á móti mér  
Ég sigli þennan drungalega kalda sjó  
Handviss að nú sé ég komin með nóg

**En ég mun bíða**

**Bíða að eilífu**

**Bíða eftir þér**

**Ástin er oft meiri öðru meigin um borð**  
**Sem gerir það að verkum að skipið fer á hvolf**  
**Ég er þess vegna á flæðiskeri stödd á ný**  
**Þau nálgast mig þau óendanlegu ský**

## Lokaútkoma verkefnisins

Lokaútkoman á laginu kom mjög vel út. Þetta ferli snerist fyrst og fremst um það að skapa sína eignin tónlist og koma verkinu á framfæri. Ég er stolt af því að hafa valið að semja lag í mínu lokaverkefni vegna þess að þá get ég komið minni sköpun á framfæri. Ég er einnig þakklát honum Óskari Leiðbeinanda mínum fyrir alla hjálpina, hann spilaði á bæði gítar og bassa í laginu. Þessi verkefnavinna var bæði lærdómsrík og skemmtileg ferli samt sem áður gat þetta líka verið mjög erfitt á tímum. Aðal atriðið er að vera sáttur með verkefnið og ég er svo sannarlega sátt.